



## Svar

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

**Efni:** Svar við fyrirspurn um ábyrgð á hárl-, hand- og fótisnyrtíþjónustu

Þann 17. febrúar 2021 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um ábyrgð á hárl-, hand- og fótisnyrtíþjónustu:

*Huga þarf að samræmingu, gæðum og góðu samstarfi á milli þeirra sem sjá um málaflökkinn. Það þarf að vera skýrt hverjir bera ábyrgð á þessari þjónustu þannig að ef upp koma vandamál henni tengdri, hvert á þjónustuþeginn að leita. 1. Í framhaldi af svari við fyrirspurnum um hárl-, hand- og fótisnyrtíþjónustu fyrir eldri borgara sem búa heima og í þjónustu- og félagslegu húsnæði Reykjavíkurborgar sem ætlað er eldri borgurum og öryrkjum óskar fulltrúi Flokks fólksins eftir upplýsingum um hver innan þjónustueininganna hefur yfirumsjón með þessum þjónustuþáttum og ber aðalábyrgðina. 2. Hvert eiga þeir að leita/snúa sér sem hafa áhuga á að bjóða fram þjónustu sína og gera leigusamning við Reykjavíkurborg? 3. Ber velferðarsvið einhverja ábyrgð á þessum þjónustuþætti þ.e. hvort hún sé t.d. byggð á faglegum grunni? 4. Ef upp koma einhverjir misbrestir með þjónustuna, hvert eiga þjónustuþegar þá að leita? 5. Einnig er spurt, stendur eitthvað húsnæði, undir slíka þjónustu sem hér um ræðir, autt? Ef svo er hvað eru þau mörg og hver er ástæða þess að þau standa autt?*

**Svar:**

Þjónustumiðstöðvar sjá um framkvæmd velferðarþjónustu í hverfum borgarinnar og sér deildarstjóri fjármála og reksturs á þjónustumiðstöð um að gera leigusamning við verktaka.

Þegar rými sem ætluð eru undir fyrrnefnda starfsemi losna, er húsnæðið auglýst til leigu. Fótaaðgerðafræðingar, hársnyrtar og snyrtifræðingar eru lögverndaðar starfsgreinar og standa öryggis- og neytendasjónarmið þar að baki. Ábyrgð velferðarsviðs felst í því að tryggja að leigjendur hafi tilskilin leyfi og starfsréttindi til

að veita þjónustuna. Við val á leigjendum er meðal annars litið til fyrri reynslu af þjónustu við eldri borgara.

Ef upp koma misbrestir með þjónustuna þá gildir það sama og almennt á við um slíkan stofurekstur að óánægðir viðskiptavinir geta t.a.m. leitað til viðkomandi fagfélags ef reynist ekki unnt að leysa úr vandamálum milli viðskiptavinar og þjónustuveitanda.

Allar stofur sem ætlaðar eru undir hársnyrti- og fótaaðgerðapjónustu eru í notkun að undanskilinni hárgreiðslustofu í Fururgerði 1 sem er laus. Ítrekað hefur verið auglýst þar eftir leigjanda.